

**Nd.**

**733. Breytingartillaga**

**[138. mál]**

við frv. til laga um heimild til lántöku vegna Vestfjarðaáætlunar og Norðurlands-  
áætlunar.

Frá Skúla Guðmundssyni, Óskari E. Levy og Jónasi Jónssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, þannig:

Af því fé, sem aflað verður til Norðurlandsáætlunar samkv. 1. gr., skal greiða kostnað rafmagnsveitna ríkisins við að leggja raflínur til þeirra sveitaheimila á Norðurlandi, sem ekki hafa rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum og eru á svæðum, þar sem meðallínulengd milli býla er 2 km eða styttri. Framkvæmdir við raflínulagnir þessar skulu hafnar á árinu 1969 og þeim verða lokið svo fljótt sem unnt er.